

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR**  
**nr. 46/2007**

**frá 8. júní 2007**

**um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) I. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 2/2007 frá 27. apríl 2007 <sup>(1)</sup>.
- 2) Fella ber inn í samninginn ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2006/414/EB frá 7. júní 2006 um breytingu á ákvörðunum 2001/881/EB og 2002/459/EB að því er varðar skrána yfir skoðunarstöðvar á landamærum <sup>(2)</sup>.
- 3) Fella ber inn í samninginn ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2006/559/EB frá 8. ágúst 2006 um breytingu á ákvörðun 2002/300/EB að því er varðar svæði sem falla ekki undir skrána yfir samþykkt svæði með tilliti til *Bonamia ostreae* og/eða *Marteilia refringens* <sup>(3)</sup>.
- 4) Fella ber inn í samninginn ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2006/590/EB frá 1. september 2006 um breytingu á ákvörðunum 94/360/EB og 2001/812/EB að því er varðar heilbrigðis eftirlit með afurðum frá þriðju löndum <sup>(4)</sup>.
- 5) Fella ber inn í samninginn ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2006/674/EB frá 6. október 2006 um breytingu á I. og II. viðauka við ákvörðun 2002/308/EB um skrá yfir viðurkennd svæði og viðurkenndar eldisstöðvar með tilliti til fisksjúkdómanna veirublæðingar (VHS) og iðradreps (IHN) <sup>(5)</sup>.
- 6) Fella ber inn í samninginn ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2006/685/EB frá 6. október 2006 um breytingu á I. og II. viðauka við ákvörðun 2003/634/EB um samþykkt áætlana um að ná stöðu viðurkenndra svæða og viðurkenndra eldisstöðva á svæðum sem ekki eru viðurkennd með tilliti til veirublæðingar (VHS) og iðradreps (IHN) í fiski <sup>(6)</sup>.
- 7) Fella ber inn í samninginn ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2006/775/EB frá 13. nóvember 2006 um breytingu á viðauka D við tilskipun ráðsins 95/70/EB að því er varðar skrá yfir framandi sjúkdóma í lindýrum sem falla undir samræmdar varnarráðstafanir Bandalagsins <sup>(7)</sup>.
- 8) Ákvörðun þessi á ekki að gilda gagnvart Liechtenstein.

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 209, 9.8.2007, bls. 3, og EES-viðbætur nr. 38, 9.8.2007, bls. 3.

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB L 164, 16.6.2006, bls. 27.

<sup>(3)</sup> Stjtið. ESB L 219, 10.8.2006, bls. 28.

<sup>(4)</sup> Stjtið. ESB L 240, 2.9.2006, bls. 11.

<sup>(5)</sup> Stjtið. ESB L 276, 7.10.2006, bls. 80.

<sup>(6)</sup> Stjtið. ESB L 282, 13.10.2006, bls. 44.

<sup>(7)</sup> Stjtið. ESB L 314, 15.11.2006, bls. 33.

## ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

### 1. gr.

I. kafli I. viðauka við samninginn breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi undirliður bætist við í 25. lið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 94/360/EB) í hluta 1.2:  
„– **32006 D 0590**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2006/590/EB frá 1. september 2006 (Stjtíð. ESB L 240, 2.9.2006, bls. 11).“
2. Eftirfarandi bætist við í 111. lið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2001/812/EB) í hluta 1.2:  
„, eins og henni var breytt með:  
– **32006 D 0590**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2006/590/EB frá 1. september 2006 (Stjtíð. ESB L 240, 2.9.2006, bls. 11).“
3. Eftirfarandi undirliður bætist við í 39. lið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2001/881/EB) og 46. lið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2002/459/EB) í hluta 1.2:  
„– **32006 D 0414**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2006/414/EB frá 7. júní 2006 (Stjtíð. ESB L 164, 16.6.2006, bls. 27).“
4. Eftirfarandi undirliður bætist við í 8. lið (tilskipun ráðsins 95/70/EB) í hluta 3.1:  
„– **32006 D 0775**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2006/775/EB frá 13. nóvember 2006 (Stjtíð. ESB L 314, 15.11.2006, bls. 33).“
5. Eftirfarandi undirliður bætist við í 65. lið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2002/300/EB) í hluta 4.2:  
„– **32006 D 0559**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2006/559/EB frá 8. ágúst 2006 (Stjtíð. ESB L 219, 10.8.2006, bls. 28).“
6. Eftirfarandi undirliður bætist við í 66. lið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2002/308/EB) í hluta 4.2:  
„– **32006 D 0674**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2006/674/EB frá 6. október 2006 (Stjtíð. ESB L 276, 7.10.2006, bls. 80).“
7. Eftirfarandi undirliður bætist við í 55. lið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2003/634/EB) undir fyrirsögninni „GERÐIR SEM EFTA-RÍKIN OG EFTIRLITS-STOFNUN EFTA SKULU TAKA TILHLÝÐILEGT TILLIT TIL“ í hluta 4.2:  
„– **32006 D 0685**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2006/685/EB frá 6. október 2006 (Stjtíð. ESB L 282, 13.10.2006, bls. 44).“

### 2. gr.

Íslenskur og norskur texti ákvarðana 2006/414/EB, 2006/559/EB, 2006/590/EB, 2006/674/EB, 2006/685/EB og 2006/775/EB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 9. júní 2007 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (\*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 8. júní 2007.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

**A. Seatter**

formaður.

---

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.